» Hins vegar fundum við munnhörpuleikara uppi á fjöllum, gamlan hippa, og það svínvirkaði… 47



Morgunblaðið/Golli

Mýktin „Það er verið að gera fegurð ákveðinnar skepnu hátt undir höfði," segir Gunnhildur Hauksdóttir. Hún fangar samband hests og knapa.

Skepnan tignuð

Gunnhildur Hauksdóttir er áttundi listamaður sýningaraðar í D-sal Hafnarhúss

Eftir Helga Snæ Sigurðsson
helgisnaer@mbl.is

HESTAR ráða ríkjum á sýningu í D-sal Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi sem ber latneska titilinn *Cultus Bestiae*, eða *Skepnan tignuð*. Það verður ekki annað sagt en að hrossin sem fara með aðalhlutverk í tveimur myndböndum í salnum séu tignarleg, vöðvastælt og kraftmikil.

Myndböndin tók Gunnhildur af sýningarhestum í Þýskalandi, bæði á sýningum og utan þeirra. Hrossin eru ýmist að leika listir sínar undir stjórn þjálfara, úti í haga að bíta gras eða þá undir tökumanni. Undir hljóma tónar sem listakonan sem gerði með Pétri Eyvindssyni sem gefa innsetningunni nokkuð dularfullan blæ og draumkenndan, ekki síst þegar hægt er á myndbandinu og hrossin sjást hlaupa í grænum og bleikum bjarma. Gunnhildur „fangar samband hests og knapa sem einkennist af kraftmiklum mótsögnum tálgaðs vilja og dýrslegrar nálægðar", eins og sýningarstjórinn Ólöf K. Sigurðardóttir kemst að orði. Í *Cultus Bestiae* sameinast hrá orka og þokkafull mýkt dýrsins.

Borg byggð af mönnum og hestum

„Það er verið gera fegurð ákveðinnar skepnu hátt undir höfði," útskýrir Gunnhildur. Ýmsar goðsagnir tengjast hestum, m.a. sagan *Equum* sem Gunnhildur telur vera keltneska. Í henni segir af borginni Equum sem byggð er af mönnum og hestum og jafnræði er á með þeim. „Þar gátu hestprestar og mannprestar rætt saman þar sem þeir töluðu sama tungumál. Hestar léðu afl sitt og menn vit sitt í rauninni. Sagan fjallar svo um fall þessarar borgar í kjölfar þess að mennirnir ná hestunum undir sig," segir Gunnhildur. Sagan sé í raun táknræn fyrir þörf mannsins fyrir að leggja náttúruna undir sig. En um leið og menn temji náttúruna og leggi undir sig þá tapi þeir henni.

„Við erum alltaf að sigra allt en um leið og við sigrum það þá er það ekki til lengur, þá töpum við því," segir Gunnhildur í spámannsbuxum. Þetta sjáist í innsetningu hennar. Sýningin *Cultus bestiae* verður opnuð kl. 17 í Hafnarhúsi í dag, um leið og sýning á verkum Sigurðar Guðmundssonar, *Mállausir kjarnar*.




Nýtt lag og hringferð um landið í maí

■ Krakkarnir í **Merzedes Club** fara mikinn þessa dagana og svo virðist sem sveitin sé bókuð um hverja einustu helgi. Stóru fyrirtækin í landinu berjast um að bóka bandið á árshátíðir sínar og um síðustu helgi kom sveitin meðal annars fram á árshátíð Landsbankans og flutti nýtt lag, „Meira frelsi", við góðar undirtektir bankastarfsmannanna. Lagið, sem fer í almenna útvarpsspilun nú á föstudag, er að sjálfsögðu eftir Barða Jóhannsson en Barði naut aðstoðar Jóns nokkurs Gnarr við textagerð.

Í byrjun maí fer sveitin svo í tónleikaferðalag um landið og hefst túrinn í Sjallanum hinn 10. maí.

Er hann þá krútt?



■ Það líður að því að landsmenn verði leiddir í allan sannleikann um **Gillzenegger** því næsta sunnudag tekur Jón Ársæll hús á Gillz í þættinum Sjálfstæðu fólki. Reikna má með að þar komi eitt og annað í ljós og þar á meðal hversu stór vikuskammturinn af fæðubótarefnum peyjans er. Annars snerust mannfræðingar landsins í hringi eftir að Heiðar Austmann ritaði á bloggsíðu sína að vinir hans furðuðu sig á því Gillz kæmist í Sjálfstætt fólk. Hingað til hefur Gillz verið talinn til hnakka með Heiðari og því verður þetta ekki skilið öðruvísi en að Gillz hafi verið settur út af sakramentinu.

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

■ Í kvöld kl. 19.30

Páskatónleikar
Söngsveitin Fílharmónía og evrópskir einsöngvarar í fremstu röð taka þátt í flutningi Þýskrar sálumessu eftir Johannes Brahms, eins mesta snilldarverks kórbókmenntanna.
Hljómsveitarstjóri: Johannes Fritsch
Einsöngvarar: Dorothee Jansen og Terje Stensvold
Kór: Söngsveitin Fílharmónía
Kórstjóri: Magnús Ragnarsson

■ Lau. 15. mars kl. 17.00

Kristallinn – kammertónleikaröð í Þjóðmenningarhúsinu
Kvartett fyrir endalok tímans eftir Messiaen er eitt áhrifaríkasta snilldarverk tuttugustu aldarinnar.

■ Lau. 29. mars kl. 14.00

Maxímús Músíkús - Tónsprótatónleikar
Músin Maxímús Músíkus villist inn á æfingu og tónleika hljómsveitarinnar. Tónleikar í tilefni af útkomu samnefndrar barnabókar Hallfríðar Ólafsdóttur flautuleikara með myndum eftir Þórarin Má Baldursson víóluleikara.

FL GROUP ER AÐALSTYRKTARAÐILI SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

Miðasala
S. 545 2500
www.sinfonia.is

Arnbjörg og Bryndís sem Janis

Eftir Jóhann Bjarna Kolbeinsson
jbk@mbl.is

ÞÆR Arnbjörg Hlíf Valsdóttir og Bryndís Ásmundsdóttir hafa verið ráðnar til þess að fara með hlutverk Janis Joplin í sýningunni *Janis Joplin 27* sem sett verður upp í Íslensku óperunni í haust.

Verkið er eftir Ólaf Hauk Símonarson og er byggt á ævi söngkonunnar bandarísku en nafnið vísar til þess að hún var aðeins 27 ára þegar hún lést.

Búist er við því að Arnbjörg muni fara með talað mál en að Bryndís muni syngja öll lögin í sýningunni enda vön að flytja lög Janis Joplin. „Þetta er ekki eins og ópera þar sem er sungið frá upphafi til enda heldur meira í ætt við leiksýningu," segir Stefán Baldursson óperustjóri um verkið.

Leikstjóri verksins verður Sigurður Sigurjónsson og tónlistarstjóri Jón Ólafsson. Stefnt er að frumsýningu um miðjan ágúst.



Arnbjörg Hlíf Valsdóttir



Bryndís Ásmundsdóttir



Janis Joplin